

Nd.

481. Breytingartillögur

[172. mál]

við frv. til l. um byggingasjóð aldraðs fólks.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Við 1. gr. Við greinina bætist: og öryrkja.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Hlutverk sjóðsins er að stuðla að því með lánveitingum, að byggðar verði utan Reykjavíkur hentugar íbúðir fyrir aldrað fólk og öryrkja.
3. Við 3. gr. Á eftir 1. tölulið komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
Ríkissjóðsframlag að jöfnu móti happdrættiságóðanum samkvæmt 1. lið.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Tryggingastofnun ríkisins skal annast stjórn og daglega starfrækslu sjóðsins undir yfirstjórn félagsmálaráðuneytisins.
5. Í stað 5., 6. og 7. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
 - a. (5. gr.) Lán með 3% vöxtum til 40 ára má veita úr sjóðnum gegn 1. veðrétti, og má lánið nema allt að 85% af byggingarkostnaði.
 - b. (6. gr.) Sveitarfélag, sem fengið hefur lán úr sjóðnum, má aðeins leigja íbúðirnar með vægum kjörum fólki, sem er 67 ára eða eldra, svo og öryrkjum. Séu þessi ákvæði ekki uppfyllt og íbúðirnar teknar til annarrar notkunar, skal sveitarfélagið þegar endurgreiða sjóðnum eftirstöðvar lána. Dragist slíkar endurgreiðslur sveitarfélags úr hömlu, er sjóðnum heimilt að láta selja íbúðirnar án undangengins dóms og sátta til greiðslu á eftirstöðvum þeirra upphæða, sem veittar höfðu verið.
6. Við 8. gr. (er verði 7. gr.). Greinin orðist svo:
Lán úr sjóðnum má því aðeins veita, að íbúðirnar eða húsin séu byggð samkvæmt teikningum, sem félagsmálaráðherra hefur samþykkt.
Sveitarfélag, sem sækir um lán úr sjóðnum, skal sýna félagsmálaráðherra fram á þörf aukins íbúðarhúsnæðis fyrir aldrað fólk og öryrkja, og enn fremur, að sveitarfélagið sé fært um að koma íbúðunum upp án tafar.
7. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
Frumvarp til laga um byggingasjóð aldraðs fólks og öryrkja.